

Aðalfundur 2011 – Fundargerð

Dagsetning: 16. mars, 2011

Staðsetning: CCP, Grandagarði 8, Rvk

Viðstödd: Fulltrúar flestra meðlimafyrirtækja. Alls um 20 manns.

Atburðaröð og ákvarðanir:

- Fundur settur.
- Dísá kosin fundarstjóri Steini kosinn fundarritari.
- Rakel las skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár.
- Dísá fór yfir rekstrar- og efnahagsreikninga félagsins.
 - Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
 - Reikningar samþykktir án mótmæla.
- Lagabreytingartilaga borin fram. Bæta eftirfarandi við 4 gr: "Þau grasrótarsamtök sem hyggjast fá fjárhagsstuðning frá Agile netinu ber að mæta fund félagsins og kynna hugmyndir sínar og fá samþykktar."
 - Eftir nokkrar umræður var ákveðið að hafna þessari breytingatillögu.
- Kosning í stjórn
 - Steinn Arnar Jónsson, Hugsmiðjunni, kjörinn formaður.
 - Hulda Hallgrímsdóttir, Landsbankanum, kjörin gjaldkeri.
 - Sigtryggur Arnar Árnason, Betware, kjörinn ritari.
- Ákvörðun félagsgjalda 2011
 - Árgjöld voru samþykkt sem 25.000 kr.
 - 7.000 kr. fyrir sprotafyrirtæki.
- Kosning á skoðunarmanni reikninga fyrir starfsár 2011.
 - Rakel Sigurðardóttir kjörin.
- Önnur mál/ýmsar umræður
 - Agile netið vs. Agile hópurinn
 - Ákveðið að halda áfram með núverandi fyrirkomulag í a.m.k. 1 ár
 - Hugmyndir ræddar um nýja tegund að viðburði. Eins konar óformlegur hittingur milli meðlimafyrirtækja. Þar gætu menn miðlað þekkingu sinni og leitað svara við spurningum. Yrði til viðbótar við vísindaferðir.
 - Ákveðið að halda slíkan fund 18. maí í CCP.
 - Ræddum um að setja það sem markmið að halda vísindaferðir á 2 mánaða fresti. Engar vísindaferðir yfir sumartímann.
 - Samþykkt var að stjórn ákveði criteria fyrir hvernig styrkveitingar séu samþykktar.
 - Ákváðum að auglýsa eftir styrkja-umsóknum á vefnum og Facebook.
- Fundi slitið